



## Landsliðsæfingar yngri flokka

ÍBV Íþróttafélag styður vel við bakið á iðkendum sínum sem boðaðir eru á landsliðsæfingar. Yfirleitt hefur þetta einhvern kostnað í för með sér þar sem landsliðsæfingar fara fram á höfuðborgarsvæðinu. ÍBV Íþróttafélag tekur þátt í þessum kostnaði með því að sjá sínum iðkendum fyrir Herjólfis- og rútuferð. Iðkendur fá að sjálfsögðu far með rútum félagsins en verði því ekki við komið sér félagið iðkendum fyrir strætómiðum. Iðkendur sem þurfa á aðstoð félagsins að halda þurfa að sækja um aðstoðina með amk. þriggja daga fyrirvara.